

Kata og ormarnir





Þessi bók er í 2. flokki samkvæmt
þyngdarflokkun Menntamálastofnunar
(sjá <http://www.nams.is/serkennsla/flokklestrarboka.pdf>).



Kata og ormarnir

ISBN 978-9979-0-2551-1

© 2004 texti og myndir: Kristín Ragna Gunnarsdóttir
Ritstjóri: Sýlvía Guðmundsdóttir

1. útgáfa 2004
Menntamálastofnun
Kópavogi

Útlit og umbrot: Kristín Ragna Gunnarsdóttir
Filmuvinnsla og prentun: Viðey ehf.



- Má ég fá kisu? segir Kata.
- Nei, Kata mín, segir mamma.

- Má ég fá kanínu? segir Kata.
- Nei, Kata mín, segir pabbi.

- Má ég fá mús? segir Kata.
- Nei! segja mamma og pabbi í kór.

Hvað vill Kata fá?



Kata er leið.
Hún fer út í garð.
Hún er súr á svip.

Hún er leið á að leika sér ein.
Hana langar að eiga vin
til að leika sér við.

Af hverju er Kata súr?

Kata sér orm á grein.
Hann er að síga niður.

Ormur getur verið
gæludýr, hugsar Kata.
Ormur getur verið
gæludýrið mitt.

Hvað sér Kata?



Ormurinn á að heita Muri.
Kata nær í krús.
Krúsin er húsið hans Mura.

Kata lætur lauf í krúsina.
Hún læðist með hana inn.

Hvað heitir ormurinn?






Muri á að búa undir rúmi.
Hann á að búa í krús undir rúmi.

Hann á að búa í krús
undir rúminu hennar Kötu.


Hvar á Muri að búa?



Mura vantar vin, hugsar Kata.
Það er ekki gaman að vera einn.
Mura vantar vin í krúsina sína.

Kata og Muri fara saman út
og leita að ornum.



A colorful illustration of a garden scene. At the top, a large tree with green leaves and a thick brown trunk dominates the right side. A small green caterpillar hangs from a leaf on the left. Below the tree, a grey stone wall runs across the middle. Three small figures wearing blue hoods are peeking over the wall. To the left of the wall is a black metal fence. In front of the wall, there are several yellow and orange tulips. In the foreground, there are four glass jars filled with green worms and a small dish. A small green caterpillar is also on the ground near the tree's base.

Pau leita á laufum.
Pau leita á greinum.
Pau leita í grasinu.

Kötu finnst gaman
að leita að ornum.
Hún finnur marga orma.



Nú á Muri vini.
Vinir hans búa líka í krús.

Þeir búa í krús undir rúmi.
Þeir búa í krús
undir rúminu hennar Kötu.

Hvar búa vinirnir?



Kata fer út með ormana.
Hún fer með þá á róló.

Muri fær að kúra í vasa hennar.
Ormarnir róla og vega salt.

Hvað gera ormarnir á róló?



Kata gefur Mura og vinum hans mat.
Hún tínir lauf og nær í
melónu og baunir.

Ormarnir bora gat á allt
sem Kata gefur þeim.

Þeir éta meira og meira.
Þeir éta og éta allan daginn.

Hvað éta ormarnir?





Kata les fyrir Mura og vini hans.
Hún les sögur um dýr.
Hún les sögur um vini.
Það er gaman að eiga dýr.
Það er líka gaman að eiga vin.

Um hvað les Kata?





Kata ætlar að opna búð.
Hún ætlar að selja orma.
Hún ætlar að selja þá á eina krónu.

Kata málar á miða:
Ormar til sölu.

Hvað ætlar Kata að gera?

Pabbi Kötu er að sópa.
Hann sópar öll gólf.
Hann sópar undir rúmunum.
Hann sópar undir rúminu
hennar Kötu.

Hvað er pabbi Kötu að gera?







Nú er krúsin hans Mura tóm.
Hinar krúsirnar eru líka tómar.

Hvar er Muri?
Hvar eru vinir hans?

Af hverju eru krúsirnar tómar?





Kata leitar og leitar.
Hún leitar í skóm.
Hún leitar undir rúmi.
Hún leitar uppi á hillu.

Kata leitar um allt
að Mura og vinum hans.

Að hverju leitar Kata?



Kata heyrir hávaða.
Mamma Kötú er að æpa.
Hún hefur séð orm í salati.

Pabbi Kötú æpir líka.
Hann hefur séð orm í osti.

Af hverju eru mamma
og pabbi að æpa?




Mamma og pabbi eru reið.

– Hvað eru þeir margir? segir pabbi.

– Hvað voru þeir margir? segir mamma.

Litli bróðir Kötu brosir.

Hvers vegna
er ormurinn hálfur?





Mamma leitar að ornum.
Pabbi leitar að ornum.

Kata leitar að ornum.
Hún leitar að Mura
og vinum hans.

Pau leita og leita.



Að hverju eru þau að leita?



Þau finna orm í baðinu.
Þau finna orm sem er að éta bók.
Þau finna orm undir sæng.

Það eru ormar út um allt.



Hvar finna þau orma?



Mamma, pabbi og Kata
fara með ormana út í garð.
Þeir eiga heima í garðinum.

Þar getur Kata heimsótt þá.
Þar getur Muri leikið við vini sína.

Hvert fara þau með ormana?

Kata lætur Mura á lauf.
– Bless Muri, segir hún.

Þá sér hún pöddu á grein.

Kata fær góða hugmynd.
Hún brosir.

Hvað sér Kata?



Kata lætur pödduna í krús.
Paddan getur verið gæludýr,
hugsar hún.
Hún getur verið gæludýrið mitt.

Mamma lítur á krúsina.
Pabbi lítur á krúsina.



Hvað ætli mamma
og pabbi séu að hugsa?




– Kata mín, þú mátt fá kisu,
segir mamma.

– Kata mín, þú mátt fá kanínu,
segir pabbi.

– Kata mín, þú mátt fá mús,
segja mamma og pabbi í kór.

Af hverju má Kata fá gæludýr núna?



Hvaða gæludýr heldur þú að Kata velji sér?
Af hverju?

Til kennara og foreldra!

Bæði foreldrar og kennarar vita hversu stórt bil getur verið milli áhugasviðs og þroska 6–9 ára nemanda og textans sem hann er fær um að lesa. Smábókaflokkur Menntamálastofnunar er tilraun til að brúa þetta bil. Reynt er að höfða til ólíkra áhugasviða barnanna með texta sem er innihaldsríkur þrátt fyrir einfalda framsetningu. Bækurnar eru ríkulega myndskreyttar og áhersla lögð á að þær höfði bæði til tilfinninga og rökhugsunar og ekki síst til kímnið á lesenda.

Smábókaflokknum fylgja ekki vinnubækur en á vefsíðu Menntamálastofnunar er að finna kennsluhugmyndir eftir Ragnheiði Gestsdóttur (sjá www.mms.is/smabok/smabok.htm). Þar eru sett fram dæmi um verkefni sem henta fyrir einstaklingsvinnu og hópvinnu, málfræði, ritun, myndvinnslu og munnlega tjáningu og hægt er að laga að öllum bókunum.

Umræður heima og í skólanum

Gæludýr: Hvaða gæludýr þekkið þið? Af hverju geta ekki allir fengið hvaða gæludýr sem þeim sýnist? Eru ormar heppileg gæludýr? Hvað finnst ykkur um að hafa pöddur fyrir gæludýr? Af hverju skyldu sum dýr vera vinsæl gæludýr en önnur ekki?

Vinir: Geta gæludýr verið góðir vinir? Eru þau verri eða betri vinir en krakkar? Geta fullorðnir og krakkar verið vinir? Hvernig á að koma fram við vini? Er hægt að eiga ósýnilegan eða ímyndaðan vin?

Stærðfræði

Kennari og nemendur útbúa súlurit yfir gæludýraeign nemenda eða/og uppáhaldsdýr þeirra.

Föndur – textílmenn

Börnin læra að þrjóna fingraprjón og þrjóna hvert um sig svolítinn „orm“. Hægt er að sauma lengjurnar saman í einn risaorm eða koma litlu ormunum fyrir á ólíklegustu stöðum í skólastofnunni, eins og ormunum hennar Kötur. Einnig má búa til orma úr hólum, pappír, pípuhreinsurum o.fl.

Að búa til bók – myndvinnsla

Gæludýrabókin: Hvert barn býr til bók um gæludýr, raunverulegt eða ímyndað. Í bókinni geta verið úrklippur, ljósmyndir, teiknaðar myndir og frásagnir. Bekkurinn getur líka búið til bók í sameiningu.

Ormabókin: Búin til bók með alls konar ornum, stórum, litlum, löngum, stuttum, brúnum, grænum o.s.frv. Gaman er að blanda saman mismunandi tækni, nota klessuliti, þekjuliti, garn, rífa pappír o.fl.

Orð sem lýsa myndunum skrifuð við.



Kata og ormarnir



Mamma og pabbi
vilja ekki gefa Kötu gæludýr.
En Kata finnur ráð!

Lestu um það.

Smábækur Menntamálastofnunar
eru einkum ætlaðar börnum
sem eru að læra að lesa.

Saga og myndir:
Kristín Ragna Gunnarsdóttir.



MENNTAMÁLASTOFNUN

40292